# Úlfarsárdalur - Deiliskipulag útivistarsvæðis

Breyting á lóðarmörkum skóla, menningar- og íþróttamiðstöðvar, nýjir byggingarreitir fyrir áhalda- og knatthús og breyting á stígakerfi.




Deiliskipulag fellur úr gildi, mkv. 1:1500.




Tillaga að nýju deiliskipulagi, mkv. 1:1500.




Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030.




Yfirlitsmynd af deiliskipulagsbreytingu, suðvestur hluti deiliskipulag útivistarsvæði Úlfarsárdals.

SKÝRINGAR

- Hverfisverndarsvæði
- Útivistarsvæði til sérst. nota
- Byggingasvæði
- Skógræktarsvæði
- 257 - 3 Fornminjar
- Reitir settjarna (lögun til skýringar)
- Í Reitir íþróttavalla (Í)
- Byggingarreitur
- Byggingarreitur - að mestu neðanjarðar
- Reitur fyrir færanlegar kennslustofur
- Lóðamörk
- Landspildur
- 9.850 m² Stærðir reita
- P 10 Bílastæði
- Undirgöng
- Reiðleiðir (lega til skýringar)
- Stofnstígar (lega til skýringar)
- Tengistígar (lega til skýringar)
- Akfær stígur - kvöð um aðkomu
- Vegir
- Veghelgunarsvæði
- Brú
- Flóðlýsing, ljósmöstur
- Kvöð lagnir
- Þróunarsvæði
- Mörk breytinga
- Mörk skipulagssvæðis

**GREINARGERÐ:**

Gerð er breyting á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Úlfarsárdal dags 28.05.2008 sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkurborgar þann 5. júní 2008 með síðari breytingum samþykktum í umhverfis- og skipulagsráði þann 27.01.2016.

Breytingin felur í sér að;

**Br.1.** Lóðamörk til suðurs á vestur hluta lóðar fyrir grunnskóla, leikskóla, frístundaheimili, menningarmiðstöð, almenningsbókasafn, íþróttahús og sundlaug færast suður að horni núverandi gervigrasvallar svo að útikennslusvæði á skólalóð falli innan lóðarmarka, einnig er lóðin stækkuð til austurs þ.s. knatthúsi er bætt við. Eftir breytingu er lóðin um 4,3 ha.

**Br.2.** Bráðabirgða byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur stækkaður svo koma megi fyrir þar þrem kennslustofum, en áður var gert ráð fyrir tveim. Eftir stækkun er reiturinn 4738 m², en áður var hann 2370m².

**Br.3.** Svæði fyrir íþróttahús og áhorfendastúku eru stækkaðir og bílastæði hliðrast sem því nemur. Byggingarreitur fyrir íþróttahús er stækkaður til norðurs fyrir rými sem eru að mestu neðanjarðar.

**Br.4.** Austan við bílastæði er bætt við byggingarreit fyrir hálft knatthús (4292 m²) og áhaldahús (380 m²) sem mun tengja knatthúsið við aðra hluta íþróttamannvirkisins. Hámarks mænishæð knatthúss er 16m. Húsið er BREEAM vottað.

**Br.5.** Flóðlýsingu fyrir keppnisvöll er bætt inn á uppdrátt. Um er að ræða fjögur möstur sem eru 24,4 m að hæð.

**Br.6.** Byggingarreit fyrir brettavöll er komið fyrir á fjölnota grasvelli. Stærð byggingarreits er 1040 m².

**Br.7.** Tengistígur, sem lá þar sem reitur fyrir áhaldahús verður nú, fellur niður.

**Br.8.** Stofnstíg sem liggur frá Fellsvegi og vestur eftir Úlfarsánni er breytt í akfæran stíg með kvöð um aðkomu fyrir áhaldahús og íþróttavöll og neyðarakstur. Tengistíg sem liggur á milli keppnisvallar og grasæfingavalla er breytt í stofnstíg og stígur sunnan grasæfingavalla fellur út.

**Br.9.** Settjörn við grasvelli er færð til vesturs að tjörn sem á að taka við regnvatni frá íbúðabyggðinni þar sem fyrri staðsetning þykir óheppileg. Áfram er gert er ráð fyrir 2000 m² settjörn.

**Br.10.** Svæði fyrir grasvelli er stækkað og minnkar hverfisvernd um 1300 m². Eftir breytingu er svæðið 43.700 m², en gert er ráð fyrir hálfu knatthúsi á hluta svæði sem var áður framtíðarþróun íþróttasvæðis og verður það svæði innan lóðar fyrir grunnskóla, leikskóla, frístundaheimili, menningarmiðstöð, almenningsbókasafn, íþróttahús og sundlaug.

**Br.11.** Kvöð um lagnir færist u.þ.b. 5 m til suður á austurhluta lóðar, meðfram áhorfendastúku.

Nánari upplýsingar um breytingar má finna í meðfylgjandi greinargerð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í Borgarráði þann 24. júlí 2018
og á embafgrf. skipulagsfulltrúa þann 14. sept. 2018.

Tillagan var auglýst frá 27. júlí 2018 með athugasemdafresti til 7. sept. 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ______ 2018.

[signature]

| BR. | DAGS. | BREYTING | TEIKN. |
|---|---|---|---|
| 5 | 04.04.2017 | LÓÐAMÖRK SKÓLA, MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR. NÝJIR BYGGINGARREITIR FYRIR ÁHALDAHÚS OG KNATTHÚS. BREYTING Á STÍGAKERFI. | |
| 4 | 27.01.2016 | ÚLFARSBRAUT 122-124 | |
| 3 | 27.08.2015 | SKÓLASVÆÐI, ÚLFARSÁRDALUR, ÚTIVISTARSVÆÐI | |
| 2 | 26.02.2009 | ÚTIVISTARSVÆÐI | |
| 1 | 05.07.2012 | ÍÞRÓTTASVÆÐI FRAM | |

REYKJAVÍK
DEILD
HEIMILISFANG
SÍMI:

LANDMÓTUN
Landmótun sf. teiknistofa landslagsarkitekta
Hamraborg 12, 200 Kópavogur
s: 575 5300 kt. 561204-2760
netf: landmotun@landmotun.is

ÚLFARSÁRDALUR - Deiliskipulag útivistarsvæðis
BREYTING Á DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG

KVARÐI 1: 1.500, A0 — DAGS. 20.06.2018 — HANNAÐ: MÓ, YÞL — TEIKNAÐ: MÓ, KUS

VERKNR. 000-DU1502A — TEIKN nr. 00 — Br.